


Kristinn E Hrafnsson við verðlaunaverk sitt (Morgunblaðið/Árni Sæberg)

Sköpunin hefur orðið að ástríðu hjá mér

– segir Kristinn E Hrafnsson, sem hlaut 1. verðlaun í samkeppni um útilistaverk á torginu við Borgarleikhúsið

Á SÍÐASTLIÐNU ári samþykkti Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar að efna til samkeppni um gerð umhverfislistaverks á torgið norðan við Borgarleikhúsið. Torgið afmarkast af Borgarleikhúsi, húsi Fjölmiðlunar með kvikmyndasölum og fjölmiðlaþjónustu, húsi Ísafoldar og Kökuhúsinu, sem er verslunar og þjónustuhús ásamt íbúðum, Kringlunni, fyrirhuguðu Borgarbókasafni og bankaútibúi. Öllum íslenskum myndlistarmönnum var heimil þátttaka í samkeppninni, og var þeirr hugmynd beint til þeirra að þeir hugleiddu samspil höggmyndar við sírennandi heitt og/eða kalt vatn. Skilafrestur rann út 16. nóvember og höfðu þá borist 35 tillögur. Endanleg niðurstaða dómnefndar var að fyrstu verðlaun skyldi hljóta Kristinn E. Hrafnsson, ungur myndlistarmaður, sem er við nám í Þýskalandi.

Kristinn er fæddur og uppalinn á Ólafsfirði. Fór 17 ára gamall í Menntaskólann á Akureyri og lauk stúdentsprófi þaðan vorið 1981. „Allan tímann sem ég var í menntaskóla, lagði ég einnig stund á myndlistarnám," segir Kristinn. Veturinn eftir stúdentspróf tók ég svo undirbúningsárið í Myndlistarskólanum á Akureyri og fór svo í Myndlista- og handíðaskóla Íslands haustið á eftir, í skúlptúrdeild."

Afhverju fórstu í myndlist?

„Ég var nú að rifja þetta upp um daginn. Ég þakka það ömmu minni. Hún vakti áhuga minn þegar hún gaf mér bókina „Íslensk myndlist" eftir Björn Th Björnsson. Þá var ég 13 ára. Upp úr því fór ég að fá óskaplegar „ambisjónir" í myndlist og fór að læra. Fyrsti kennarinn minn var Kristinn G Jóhannsson, sem þá var skólastjóri á Ólafsfirði. Ég man að hann vildi senda mig í myndlistaskóla, en ég hafði, lengi framan af, meiri áhuga á bókmenntum og pólitík. Reyndar var ég mjög tvískiptur, því ég vildi verða sjómaður. Ég hef meir að segja pungapróf.

Þessi pólitíski áhugi var ekki þess eðlis að ég vildi verða stjórnmálamaður. Onei. Ég ætlaði að vinna að bættum hag verkafólks. Ég var svo mikill kommi. Gekk um með frasa úr Rauða kverinu á vörum og hélt að það gerði gæfumuninn. Ég var ótrúlega leiðinlegur unglingur. Það segir sig sjálft.

Í dag skil ég ekki þennan pólitíska áhuga, því mér finnst allt sem viðkemur pólitík frekar leiðinlegt. Kúnst og pólitík eru líka afskaplega vondur kokteill. Enda fór það svo að ég hætti við sjómennskuna og pólitíkina og fór í menntaskóla og síðan í myndlist. Eins og ég var að segja var ég við myndlistanám með menntaskólanum og fékk það metið sem valgreinar í Menntaskólanum á Akureyri. Svo varð það að meiri og meiri ástríðu hjá mér að sinna þessari sköpun. Þegar ég, eftir undirbúningsnámið, kom til Reykjavíkur, var ég svo heppinn að lenda hjá Jóni Gunnari Árnasyni - hann er góður myndlistarmaður og mér þótti hann góður kennari. Hann hætti að kenna þegar ég var búinn að vera hjá honum í eitt ár, en ég hélt góðum tengslum við hann og hef alltaf unnið mikið fyrir hann og við erum góðir félagar. En ég hafði líka marga aðra góða kennara þarna.

Mest á ég þó ömmu minni að þakka. Hún er verkakona og hefur verið það alla ævi, en hún hefur verið mjög listelsk. Veistu hvernig það kom til að hún gaf mér þessa bók?

Það var þannig að Ragnar í Smára ákvað að gefa þessa bók út og leitaði til alþýðu landsins um framlög til að standa undir útgáfunni. Amma var ein af þeim sem styrktu hana. ég hef alltaf verið mjög hreykinn af því. Svona fólk, sem leggur allt í sölurnar fyrir hluti af þessu tagi, er stórmerkilegt.

Það er mikið af góðu fólki á Ólafsfirði. Ég var settur á sjóinn með pabba þegar ég var 6 ára og frá 14-18 ára aldurs vann ég á sjó á sumrin. Það var mjög lærdómsríkt og síðan þykir mér alltaf mjög vænt um trillukarla og bryggjuheimspekinga.

Ég lauk námi við skúlptúrdeildina vorið 1986 og um haustið fór ég til Þýskalands og hóf nám við Akademie der Bildenden K"unste í M"unchen. Akademían er ólík Myndlista- og handíðaskólanum að því leyti að maður hefur algert frelsi til að gera þá hluti sem maður er að vinna að. Ég hef líka verið svo heppinn með prófessor. Hann lætur mig algerlega í friði og það er það sem ég var að leita að.

Annars er þýska kerfið alger skepna. En það er kannski verst þarna suður í Bæjaralandi. Kerfið er svo stirt og skriffinskan mikil. En ég þekki orðið mikið af góðu fólki þarna og það er svo merkilegt með það, að það er allt útlendingar; flóttamenn og annað. Það gerir það að verkum að mér líður vel. En ég sest ekki að í Þýskalandi. Ég veit ekkert hvenær ég lýk námi, en ég ætla að vera þarna rétt á meðan mér líður vel."

Hvað geturðu sagt mér um verðlaunaverkið þitt?

„Það á að reisa úr ryðfríu stáli og meginuppistaðan eru rörpípur. Þetta eru ýmis form á vatni, hæðin er rúmir sex metrar. Við fengum uppgefnar þessar tvær tjarnir sem voru á skipulaginu. Mér fannst það vont, því þá er búið að gefa manni of miklar forsendur. En ég varð þó strax spenntur að reyna við vatnið, því það er mjög erfitt efni að eiga við. Það er svo erfitt að hemja það, svo það verði ekki einhver æðibunugangur og vitleysa. Ég reyndi að kynnast öllum birtingarmyndum vatnsins: Það getur verið spegill, gufa, klaki, heitt og kalt. Það getur myndað hljóð, rennsli og margt fleira mætti telja.

Þegar ég var búinn að átta mig á flestum birtingarmyndum vatnsins, var að ákveða hvernig maður gæti nýtt sér það. Það var komið að því að finna sér form til að nýta sér þessa eiginleika og ég sá alltaf fyrir mér gamla ljósmynd af gömlu þvottalaugunum hér í Reykjavík. Þar var hellingur af rörpípum og dóti og mikil gufa. En ég ætlaði ekki að fara að búa til neinar þvottalaugar, heldur einhverja hluti sem eru í takt við nútímann. Hinsvegar er alltaf einhver stemming í kringum gufuna - hún er svo óræð, svona einhvers konar andlegt ástand vatnsins. Þegar ég fór að hugsa um það hvernig við nýtum vatnið í dag, þá vaknaði sú hugmynd að nota rör og pípur og þessi „element" sem vinna úr vatninu á mismunandi hátt. Síðan er formbyggingin annar hlutur og byggir á því að nota eiginleika vatnsins á mismunandi hátt. Eiginlega var þetta bara rannsókn - og þetta er niðurstaðan.

Ég var að tala um pólitík. Auðvitað er ákveðin pólitík fólgin í svona hlutum eins og opinberum listaverkum. Það er pólitík í því að koma list upp fyrir almenning. En hún þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að opna augu fólks fyrir fegurð hlutanna og er því mannbætandi.

Það tóku mjög fáir myndhöggvarar þátt í þessari samkeppni. Þeir hafa verið að tala um að myndlist væri ekki keppnisgrein. En ef allir sætu heima og gagnrýndu svona keppnir - og dómnefndirnar, þá væru engin umhverfislistaverk og borgin væri grá. Mér finnst það til skammar að ekki skyldu fleiri myndhöggvarar taka þátt í keppninni. Vissulega má lengi deila um hvernig keppni af þessu tagi eigi að vera. En ef alltaf væri valið fólk til að sjá um svona verk, ættu ungir listamenn enga möguleika á að koma sér á framfæri."

ssv

Sýning á sjálfsmyndum á Kjarvalsstöðum

Hver mynd hefur sitt tímaleysi

-segir Gunnar Kvaran

SÝNING á íslenskum sjálfsmyndum verður opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun, sunnudaginn 31. janúar. Að sögn Gunnars Kvaran, listráðunauts Kjarvalsstaða, er elsta myndin frá 1850, af Sigurði Guðmundssyni, og er hún í eigu Þjóðminjasafnsins. Næstelsta myndin er frá 1870 og er af Arngrími Gíslasyni. „Síðan stiklum við í gegnum listasöguna," sagði Gunnar „og tökum Þórarinn B Þorlákssson, Kjarval, Ásgrím, Jón Stefánsson og fram til dagsins í dag, án þess að hér sé um að ræða sögulegt yfirlit, eða fræðilega úttekt.

Tilgangurinn er kannski, frekar en annað, að slá á léttari strengi; setja upp sýningu sem er aðgengileg og forvitnileg og gefur tilefni til dýpri hugleiðinga. Þá á ég náttúrulega við spurningar eins og hvað er sjálfsmynd? Getum við í rauninni talað um sjálfsmynd eins og sjálfævisögu? Er listamaðurinn allur á léreftinu? Er þetta bara „fiksjón," eins og annað sem listamenn eru að gera?

Því það sem er svo athyglisvert í þessu sambandi er að það er svo margt sem gerist þegar menn þýða yfir í myndmál - hvort sem er í myndlist, bókmenntum eða tónlist. Það sem gerist er að þú ert farinn að taka ákveðinn hlut og endurbyggja hann; þar sem þú ert meðal



Gunnar Kvaran við nokkrar af þ á Sjálfsmyndasýningunni á Kjarv